



FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Símans hf., fimmtudaginn 20. ágúst 2026, kl. 16:00

Haldinn að Ármúla 25, Reykjavík

Dagskrá

1. Breytingar á samþykktum félagsins, starfskjarastefnu og starfsreglum tilnefningarnefndar.
2. Önnur mál.

Formaður stjórnar, Jón Sigurðsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans var að Guðbjörg H. Hjartardóttir, yrði skipuð fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Eiríkur Hauksson yrði kjörinn fundarritari, og ekki bárust athugasemdir við þá tilhögun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu og tilkynningu á heimasíðu félagsins hinn 30. júlí sl. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru. Mætt var á fundinn fyrir 57,95% af virku hlutafé.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Þá voru forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins viðstödd fundinn.

Gengið var til dagskrár.

1. Breytingar á samþykktum, starfskjarastefnu og starfsreglum tilnefningarnefndar.

María Björk Einarsdóttir, forstjóri félagsins, fór yfir kynningu um stöðu innleiðingar á nýju skipulagi samstæðunnar.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins, starfskjarastefnu og starfsreglum tilnefningarnefndar. Var tillagan í þremur liðum og var hver liður borinn undir atkvæði í sitt hvoru lagi.

(a) Breytingar á samþykktum:

Stjórn félagsins leggur til að nafni félagsins verði breytt í Ásar hf. Ákvæði greinar 1.1 í samþykktum félagsins verði því breytt og hljóði svo:

"Félagið er hlutafélag og nafn þess er Ásar hf."

Þá er lagt til að grein 1.2 falli brott, sem og grein 2 (um heimilisfang), og aðrar greinar í samþykktum uppfærðar í samræmi við það. Enn fremur er lagt til að grein 2 (áður grein 3) verði svohljóðandi:

"Tilgangur félagsins er að starfa sem eignarhaldsfélag ásamt því að stunda rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага sem starfa á sviði stafrænnar þjónustu, m.a. á sviði fjarskipta, upplýsingatækni, miðlastarfsemi, fjártækni og öryggisþjónustu ásamt allri leyfilegri hliðarstarfsemi og skyldum rekstri, hvort sem er beint eða í sérstöku félagi, eftir því sem lög leyfa. Jafnframt þjónusta við dótturfélög, kaup,



sala, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, ávöxtun fjáreigna svo sem með kaupum, sölu og eignarhaldi á fjármálagerningum og eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum."

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

(b) Breytingar á starfskjarastefnu:

Stjórn félagsins leggur til að breytingar verði gerðar á starfskjarastefnu félagsins. Fela breytingarnar í sér uppfærslur til að endurspegla breytt nafn félagsins og breytingar á skipuriti félagsins og skipulagi samstæðunnar. Engar efnislegar breytingar eru lagðar til á starfskjarastefnunni.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.simin.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

(c) Breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar:

Stjórn félagsins leggur til að breytingar verði gerðar á starfsreglum tilnefningarnefndar félagsins, til að endurspegla breytt nafn félagsins. Engar aðrar breytingar eru lagðar til á reglunum.

Starfsreglur tilnefningarnefndar, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarmönnum var boðið að hlýða á upplestur fundargerðar. Var fundi slitið kl. 16:18.

Guðbjörg H. Hjartardóttir
Fundarstjóri

Eiríkur Hauksson
Fundarritari